

48 skemmdum, að innihald þeirra hafi getað raskazt í vörzlum póststjórnarinnar og því getur
26. apríl. orðið umtalsmál um endurgjaldsskylda póstsjóðsins, skuli þeir ekki aðeins gæta vandlega að, hvernig póstsendingin er útlitandi, og staðhæfa með sjónarvottum, hvað mikið um-
búðir og innsigli eru skóðduð, heldur einnig skora á þann, sem tekur við sendingunni, áður honum er afhent hún gegn kvittun hans, að opna hana og staðhæfa í viðurvist
póstafgreiðanda, hvað hún hefir að geyma.

49 — *Brjef landshöfðingja til bæjarfógetans í Reykjavík um tollheimtu af*
26. apríl. ölföngum og tóbaki. — Út af þóknanlegri fyrirspurn herra bæj-
arfógetans, dagsettri í dag, um ýms atriði, er snerta tollheimtu af ölföngum og
tóbaki, þar sem löginn 11. febr. þ. á. eru þinglesin hjer í Reykjavík, en ekki í Gull-
bringu- og Kjósar-lögsagnarumdæmi, skal yður hjer með þjónustusamlega tjáð það, er
hjer segir:

Þar eð brennivínstollinn ber eptir tilsk. 26. febr. 1872 að greiða af öllum farminum
þar, sem sýna skal lögreglustjóra skipskjölin, þó að ekki eigi að asserma skipið þar, verð-
ur svarið við þeirri spurningu, hvar og eptir hvaða lagareglu tollinn skuli heimta, að því
er mjer virðist komið undir því, hvar skipið er skylt fyrst að sýna skjöl sín, en er
þar á móti ekki bundið við það, þótt það, til þess að komast hjá herra tollgjaldi, fyrst hafi leitað
á aðra höfn en þá, þar sem það átti fyrst að sýna skilríki fyrir sjer. Af þessu leiðir að
skip, sem flytur vörur einungis til Reykjavíkur, getur ekki komizt hjá að greiða brenni-
vínstollinn eptir lögnum 11. febr. þ. á., eptir að þau hafa öðlazt gildi í Reykjavík, með
því móti að skjótast inn í Hafnarfjörð eða Keflavík og gjöra grein fyrir sjer á þessum
stöðum til málamynda. Sama máli er að minni hyggju að gegna um þau skip, sem að
sönnu hafa farm bæði til Reykjavíkur og til verzlunarstaða í Gullbringu og Kjósarsýslu,
en hafa ekki islensk sjóleiðarbrjef þegar þau koma; því slik skip eru eptir lögum 15. ap-
ríl 1854 skyld að leysa sjóleiðarbrjef í Reykjavík og sýna þar skjöl sín, áður en þeim
verði leyft að gjöra grein fyrir sjer í lögsagnarumdæmi Gullbringusýslu, og hefir tilgang-
urinn með ofannefndri ákvörðun í tilsk. 26. febrúar 1872 að öllum líkindum verið sá, að
tryggja innheimtu tollsins með því að skylda skipið til að greiða hann því lögreglufrir-
valdi eða þeim tollheimtuembættismanni hjer á landi, er skipsskjölin ber fyrst að sýna.

Þar eð löginn 11. febrúar þ. á. um innflutningsgjald á tóbaki hafa ekki neina ákvörð-
un í þessa átt um greiðslu á þessum tolli, án tillits til hvort tollskyldum vörum er skipað
upp þar á staðnum eða ekki, er jeg á sama máli og herra bæjarfógetinn um það, að tó-
bakstollinn eigi að heimta á þeim stað, sem tóbakið er flutt til, sbr. einnig augl. 16. fe-
brúar þ. á. nr. 1.

50 — *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austur-umdæminu*
9. maí. um styrk handa námspiltum í Noregi. — Eptir að
hafa meðtekið skýringar herra amtmannsins í þóknanlegu brjefi frá 18. f. m. hefi
jeg af hluta þeim, er norður- og austurumdæminu ber af fje því sem lagt er til jarðabóta
með 10. gr. C. nr. 5 fjárlaganna, veitt Páli Jónassyni frá Þverá í Þingeyjarsýslu, en nú læri-
sveini á búnaðarskólanum að Steini í Noregi, 200 króna styrk til að halda áfram námi sínu
í tjeðum skóla, og Pjetri Pjeturssyni á Sólheimum í Svinavatnshreppi jafnmikinn styrk
til að sigla til Noregs og nema þar jarðyrkjufræði í sama eða öðrum áþekktum skóla. Ávisun
á þessa upphæð, alls 400 kr., fylgir þessu brjefi, og eruð þjer, herra amtmaður, þjónustu-
samlega beðnir að hlutast til um, að hinar veittu upphæðir verði greiddar hlutaðeigöndum,

að fenginni vissu fyrir að þeim verði varið á tjeðan hátt. Skyldi herra amtmaðurinn á sinum tíma vilja mæla fram með, að veittur verði hlutadeigöndum áþekkur styrkur í sama tilgangi fyrir fjárhagsárið 1877, verða að fylgja tillögum yðar um það vottorð um hegðun og framfarir hlutadeiganda í skólanum. Um það sem enn fremur getur hlotnast norður- og austurumdæminu af fjárveitingu þeirri, er hjer er um að ræða, býst jeg við síðar að fá þóknanlegar tillögur yðar.

Að því er snertir beiðni þá frá prestinum að Möðruvallaklaustri, sira Davíð Guðmunds- syni, er fylgdi upphaflegu nefndu brjefi herra amtmannsins, um að yngismanni Jóni Árna- syni á Skútum verði veittur styrkur til siglingar af fje því, er þingið hefir lagt til vísinda- legra og verklegra starfa, og að námi hans verði að öðru leyti hagað svo, að til sem mestra nota megi verða, skal yður, herra amtmaður, tjáð til þóknanlegrar leiðbeiningar og birting- ar, að bendingar þær, sem beiðni þessi hefir inni að halda, um gáfur nefnds Jóns Árna- sonar og tilgang ferðar þeirrar, er hann ráðgjörir, eru svo óákvednar, að jeg að svo stöddu sje mjer ekki fært að veita styrk þann, er um hefir verið beiðt; en jeg skal skjóta því til yðar, herra amtmaður, hvort nægileg ástæða muni vera til síðar að mæla fram með að hann fái styrk af fje því, sem ætlað er norður og austurumdæminu af upphæð þeirri, sem veitt er með 10. gr. C. 5., og verður þá að vera gjört út um það, hvar og hvernig hann eigi að leita sjer menntunar þeirrar, er hann vantar, og ætli þar að auki hann sjálfur eða þeir, sem vilja hjálpa honum til þess, að hafa útvegað honum fje það, sem hann mun með þurfa til ferðarinnar, auk styrks þess úr landssjóði, er beiðt hefir verið um.

Umburðarbrjef

til bæjarfógeta, sýslumanna og umbodsmanna um

gjaldheimtur og reikningsskil.

51
16. maí.

— Með því að sumir reikningshaldarar hafa ekki breytt nákvæmlega eptir fyrirmælum reglugjörðarinnar frá 13. febrúar 1873 um opiuber reikningsskil og gjald- heimtur hefir mjer fundizt ástæða til að leggja ríkt á um að gæta fyrirmæla nefndrar reglugjörðar í heild sinni og auk þess sjerstaklega skipa fyrir eins og hjer segir:

1. Semja skal reikningana með tilheyrandi skilagreinum fyrir lok febrúarmánaðar árs hvers, í tvennu lagi, og senda þá með fylgiskjölum hlutadeigandi amtmani áleiðis til landshöfðingja með fyrstu póstferð þar á eptir (2. gr. reglugj.). Ef póstur samkvæmt ferðaáætluninni gengur um hjerað reikningshaldara í ofanverðum febrúarmánuði, vona jeg, að hann muni gjöra það, sem í hans valdi stendur, til þess þegar með þeim pósti að senda reikninginn fyrir hið næst undanfarandi ár áleiðis til landshöfðingja.

2. Eins og heimta skal samkvæmt 3. gr. reglugjörðarinnar saman gjöld þau, er reikningshaldara er trúað fyrir, undir eins og gjalddagi þeirra er kominn, og, ef þess þarf við, gjöra ráðstafanir til, að þau verði tekin lögtaki, þannig ber samkvæmt 4. gr. reglu- gjörðarinnar að greiða þau í landssjóð jafnóðum, og þau eru heimt saman, og skal jafn- aðarlega senda þau með fyrstu póstferð eptir að þau eru greidd reikningshaldara. Má því engan veginn fresta að greiða landssjóðnum það, sem innheimt hefir verið, þangað til reikningarnir eru samdir, og er hægt að sjá, að ákvörðun sú, sem er í 6. gr. reglu- gjörðarinnar, um að reikningssemjandi skuli undantekningarlaust standa skil á því, sem eptir stendur af tekjum landssjóðsins, um leið og reikningurinn er sendur, að eins snert- ir gjöld þau, er eigi hafa verið greidd í rjettan gjalddaga samkvæmt 3. gr. reglugjörðar- innar, og reikningssemjandi hefir ekki síðan getað náð inn.

Sem allra fyrst, og ekki síðar en innan 4 vikna eptir rjettan gjalddaga, ber reikn-